

# FUNDARGERÐ

## 135. stjórnarfundur KRAFT

135. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á Zoom 14. desember 2021 kl. 20.30.

Fundarmenn : Gry, Rúnar, Hinrik, Aron Ingi, Þórunn Brynja, Auðunn, Lára og Laufey  
Fundarritari : Laufey

### 1. FUNDARGERÐ

Síðasta fundargerð samþykkt.

### 2. FAGNAÐUR

Stjórn KRAFT fagnar innilega frábærum árangri íslenskra keppenda á EM í klassískum kraftlyftingum. Landsliðið var íþrótt sinni og þjóðinni allri til sóma með afrekum sínum og framkomu.

Kristín Þórhallsdóttir varð 11. desember 2021 fyrst Íslendinga Evrópumeistari á EM í klassískum kraftlyftingum þegar hún vann titilinn í -84 kg flokki kvenna og setti um leið tvö Evrópumet. Kristín vann bronsverðlaun á HM í klassískum kraftlyftingum í september og vann auk þess bronsverðlaun í hnébeygju. Árangur hennar er sá þriðji besti sem náðst hefur í heiminum í þessum flokki frá upphafi og einstakur í sögu kraftlyftinga á Íslandi.

Samantekt :

Hilmar Símonarson (-66 kg) lenti í sjötta sæti í opnum flokki:

Hnébeygja = 185 kg  
Bekkpressa = 130 kg - Nýtt Íslandsmet  
Réttstöðulyfta = 215 kg - Nýtt Íslandsmet  
Total = 530 kg - Nýtt Íslandsmet

Birgit Rós Becker (-76 kg), opinn flokkur:

Hnébeygja = 177.5 kg  
Bekkpressa = Ógild  
Réttstöðulyfta = 187,5 kg  
Total = -

Viktor Samúelsson (-105 kg) lenti í sjötta sæti í opnum flokki:

Hnébeygja = 290 kg - Nýtt Íslandsmet  
Bekkpressa = 187.5 kg  
Réttstöðulyfta = 325 kg - Nýtt Íslandsmet  
Total = 802.5 kg - Nýtt Íslandsmet

Kristín Þórhallsdóttir (-84 kg) gullverðlaun í opnum flokki:  
Hnébeygja = 220 kg - Nýtt Evrópumet og Íslandsmet - Gullverðlaun  
Bekkpessa = 115 kg - Nýtt Íslandsmet - Gullverðlaun  
Réttstöðulyfta = 225 kg - Nýtt Íslandsmet - Gullverðlaun  
Total = 560 kg - Nýtt Evrópumet og Íslandsmet - Gullverðlaun

Aron Friðrik Georgsson (-120 kg) lenti í tólfta sæti í opnum flokki:  
Hnébeygja = 300 kg - Nýtt Íslandsmet  
Bekkpessa = 190 kg  
Réttstöðulyfta = 285 kg  
Total = 775 kg

### **3. FRAMHALD Á FÖGNUM**

Bréf var sent til forseta Íslands til að upplýsa hann um frábæran árangur sem landsliðið hefur náð á alþjóðamótum í haust. Svar barst frá honum sem Gry las upp fyrir stjórn.

Gry ætlar að senda bréf (sbr. til forseta) á ráðherra íþróttamála (Ásmund Daði) með afriti til forseta ÍSÍ.

Lára sendir blómvönd frá KRAFT til Kristínar.

### **4. ASJ UPPGJÖR OG UMSÓKN**

Aron Ingi fór yfir drög að umsókn til ASJ. Mun hafa samband við ASJ til að fá umsóknarfrest staðfestan. Aron Ingi sendir á stjórn umsókn til rýni. Stjórn mun funda um einstök atriði áður en umsókn er send inn.

### **5. GREIÐSLUR**

Á stjórnarfundum nr.132 (liður 2) samþykkti stjórn KRAFT að starfsmenn KRAFT fái greidda dagpeninga meðan þeir dvelja erlendis vegna landsliðsmála. Aron Ingi er að ganga frá þessum málum í samvinnu við Magnús endurskoðanda KRAFT.

### **6. RIG**

Undirbúningur er í fullu gangi. Skoða þarf betur alþjóðadómara. Keppnislisti verður gerður opinber á næstu dögum. Keppnisvallur KRAFT er enn ófundinn, þarf því að finna nýjan.

### **7. KRAFTLYFTINGAFÓLK ÁRSINS**

Stjórn KRAFT samþykkti að kraftlyftingafólk ársins er :  
Kraftlyftingakona ársins: Kristín Þórhallsdóttir (AKR)  
Kraftlyftingakarl ársins: Viktor Samúelsson (KFA)

## 8. LYFJAMÁL

Gry upplýsti stjórn um fund sem hún átti með Lyfjaeftirlitinu. Stjórn var sammála um að athuga hvort hægt sé að fá innlegg frá eftirlitinu á ársþingi KRAFT. Lyfjaeftirlitið vakti athygli á auka fræslu hjá félögum.

## 9. ÁRSPING KRAFTLYFTINGASAMBANDS ÍSLANDS

Stjórn samþykkti að ársþingið verði haldið laugardaginn 26. febrúar 2022.

## 10. FORMANNAFUNDUR ÍSÍ

Gry sótti formannafund ÍSÍ. Aðalmál fundarins var þjóðarleikvangur. Nýr íþróttamálaráðherra er umhugað að koma því máli í farveg.

## 11. SKRIFSTOFA

Elías tölvuumsjónamaður ÍSÍ hafði samband við Láru vegna tölvumála KRAFT. Sambandið er ekki inni á domain ÍSÍ, hefur því ekki aðgang að ýmsu gagnlegu m.a. geymslukostum í skýi og Office365 pakka. Lára upplýsti að Elías geti boðið KRAFT að kaupa nýja fartölvu hjá Advania á góðum kjörum sem gerir KRAFT kleyft að tengjast domain ÍSÍ. Stjórn KRAFT samþykkti kaupin.

## 12. BIKARAR

Á fundi stjórnar nr.133 var samþykkt að kaupa nýja bikara fyrir Bikarmeistara kvenna og karla. Gry er að vinna í málinu.

## 13. BÚNINGAR

Lára er að vinna í að finna nýja landsliðsbúninga. Er búin að vera í sambandi við nokkra birgja. Mun heimsækja þá skoða útlit og meta áferð á efnum. Sérstaklega skoða keppnisboli og landsliðsjakka.

## 14. ÍPRÓTTABANDALAG FATLAÐRA

Ákveðið að klára þá vinnu sem farin var af stað fyrr á árinu með frekara samstarf við ÍF. Þórunn Brynja og Rúnar mun ganga í málið.

## 15. ÖNNUR MÁL

- Ítreka við landsliðsnefnd að ganga frá tilnefningum.
- Gry heyrir í mótanefnd vegna mótahaldara fyrir dómara- og æfingamót.

- Umræða varð um þjóðarleikvang (fund formanna ÍSÍ og fund sem Gry og Hinrik áttu með bæjarstjóra Garðabæjar). Ákveðið að Gry og Hinrik fundi með ÍSÍ um þjóðarleikvang fyrir kraftlyftingar fljótlega á nýju ári.
- Tékklisti móta - Er á lokametrinum - Laufey og Lára klára fyrir áramót

## **16. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## **17. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl.21.55.